

Dómsorð:

Stefndi, Kjartan Blöndal, greiði stefnanda, Jóni Þór Ólafssyni, kr. 30.000.00 ásamt 6% vöxtum p. a. af kr. 15.000.00 frá 20. apríl 1959 til 25. maí sama ár, 6% vöxtum p. a. af kr. 30.000.00 frá þeim degi til 22. febrúar 1960, 9% vöxtum p. a. af sömu fjárhæð frá þeim degi til 29. desember s. á., 7% vöxtum p. a. af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% vöxtum p. a. af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% vöxtum p. a. af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags. Þá greiði stefndi stefnanda kr. 10.300.00 í málskostnað. Greiðslur þessar séu inntar af hendi innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. janúar 1968.

Nr. 187/1967. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
 gegn

Jóni Adolf Petersen (Árni Guðjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómáttar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Í Hæstarétti hefur verið lagt fram fæðingarvottorð ákærða.

Er ákærði ók bifreið sinni, R 488, austur Miklubraut eftir nyrðri akrein á um 50 km hraða miðað við klukkustund, að því er hann ætlar, og nálgast mót Miklubrautar og Grensásvegar, kveðst hann hafa séð kyrrstæða vörubifreið á syðri akrein nyrðri akbrautar Miklubrautar og telur bifreið þessa hafa byrgt svo útsýn fyrir sér, að hann hafi ekki séð til lögreglumanns þess, er var við umferðarstjórn á nefndum vegamótum. Við gatnamótin kveðst ákærði hafa dregið úr hraða bifreiðar sinnar og ekið ótrauður yfir þau, þótt vörubifreiðin hafi byrgt honum útsýn, en eftir áreksturinn stöðvaðist bifreið hans ekki fyrr en um 36 metra frá árekstrarstað.

Verður að telja, að ákærði hafi eftir aðstæðum ekið of greitt og án nægrar varkárni.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann, þó svo, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, er renni í rikissjóð, kr. 7.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns þar, sem ákveðast kr. 7.000.00.

Það er aðfinnsluvert, að lögreglumaður sá, er við umferðarstjórn var í greindu tilviki, gerði engan reka að því að ná til vitna á árekstrarstað, svo að þau mættu bera vætti í máli þessu, en að sögn hans voru kyrrstæðar bifreiðar á Miklubraut, og þar á meðal e. t. v. vörubifreið. Þá athugast, að hvorki af hálfu rannsóknarlögreglu, héraðsdómara né ákærvalds var nokkuð aðhafzt til að reyna að hafa uppi á vitnum, er á árekstrarstað kunna að hafa verið.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Jón Adolf Petersen, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í rikissjóð, kr. 7.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 25. október 1967.

Ár 1967, miðvikudaginn 25. október, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ármanni Kristinssyni sakadómarara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 404/1967: Ákærvaldið gegn Jóni Adolf Emilssyni Petersen, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 28. ágúst 1967, höfðað á hendur Jóni Adolf Emilssyni Petersen verkstjóra, Víði við Breiðhóltsveg, Reykjavík, fæddum 10. maí 1906 á Akureyri, fyrir að hafa um hádegis þriðjudaginn 30. ágúst 1966 ekið bifreiðinni R 488 án nægilegrar varkárni og of hratt miðað við aðstæður austur Miklubraut í Reykjavík og yfir gatnamót nefndrar götu og Grensásvegur í veg fyrir bifreiðina R 9210, sem ekið var suður Grensásveg samkvæmt bendingu lögregluþjóns, er var við umferðarstjórn á gatnamótunum, með þeim afleiðingum, að árekstur varð milli bifreiðanna.

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 3. mgr. 38. gr. og 49. gr., 1., 2. og 3. mgr., c- og f- liði, sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Sakavottorð ákærða hljóðar svo:

- 1957 16/1 í Reykjavík: Áminning fyrir rangstöðu bifreiðar.
 1958 15/1 í Reykjavík: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
 1960 30/7 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

Málavextir eru þessir:

Þriðjudaginn 30. ágúst 1966, klukkan 1210, var Sævar Gunnarsson lögreglumaður við umferðarstjórn á mótum Miklubrautar og Grensásvegur hér í borg. Kvaðst hann hafa stöðvað umferð um Miklubraut, bæði til austurs og vesturs, en gefið bifreiðum, sem um Grensásveg óku, merki um að aka inn á aðalbrautina. Þrjár bifreiðar voru á leið suður Grensásveg. Þegar sú aftasta ók inn á Miklubraut, ók ákærði bifreið sinni, R 488, austur götuna, og rákust bifreiðarnar saman þar á gatnamótunum. Skemmdir á bifreiðinni R 9210 urðu þær, að bæði frambretti, vélar- og vatnskassahlíf sem og höggvari dælduðust, og framljósker brotnuðu. Vinstri hlið bifreiðarinnar R 488 var allmikið rispuð og dælduð. Veður var bjart og færi þurrt, er áreksturinn átti sér stað. Yfirborð vegar var malbikað.

Ákærði skýrði svo frá, að hann hefði ekið bifreiðinni R 488 austur nyrðri akrein Miklubrautar um 1½ metra frá götubrún. Hann kvaðst hafa tekið eftir kyrrstæðri vörubifreið á syðri akreinni við gatnamót Grensásvegur og taldi, að lítil bifreið hefði verið fyrir aftan hana. Ákærði sagðist hafa ekið um 40 metra á eftir næstu bifreið á undan og einni eða tveim bifreiðum verið ekið suður yfir gatnamótin milli þeirra, en í sama mund og ákærði ók yfir gatnamótin, var bifreiðinni R 9210 ekið út í þau frá

norðri og skall á vinstri hlið bifreiðar hans. Ákærði taldi sig hafa verið á 50 km hraða miðað við klukkustund að Grensásvegi, 60 km hraði verið leyfilegur vestan vegamótanna, en 45 km austan þeirra. Hann ók bifreiðinni í 3ja ganghraðastigi. Ákærði kvaðst ekki hafa séð lögreglumann þann, sem var við umferðarstjórn á gatnamótunum.

Vitnið Anna Sigríður Björnsdóttir húsmóðir, Brekkugerði 4 hér í borg, sagðist hafa ekið bifreiðinni R 9210 suður Grensásveg og í átt yfir gatnamótin að bendingu lögreglumanns, sem þarna var við umferðarstjórn, og var vitnið komið órutt áfram, er áreksturinn varð. Vitnið kvaðst hafa tekið eftir bifreið, sem kom austur Miklubraut, rétt áður en það lagði af stað. Taldi vitnið, að ákærði hefði ekið mjög greitt, þar sem bifreið hans hefði verið í mikilli fjarlægð, er það koma auga á hana. Sagði vitnið, að ákærði hefði sagt lögreglu á staðnum, að hann hefði ekið á 60 km hraða.

Vitnið Sævar Gunnarsson lögreglumaður, Hraunbæ 74 hér í borg, kvaðst hafa verið við umferðarstjórn greint sinn og staðið á miðjum gatnamótunum, eða nánar til tekið, þar sem götueyjunar, sem skipta akbrautum Grensásvegar og Miklubrautar, mundu skerast, ef dregin væri lína á milli þeirra, og taldi vitnið, að þar mundi það sjást bezt frá öllum hliðum. Vitnið hafði stöðvað umferð um Miklubraut til að gefa bifreiðum, sem um Grensásveg óku, kost á að aka um gatnamótin. Tvær bifreiðar höfðu ekið suður yfir, en vitnið sagði, að kona sú, sem ók bifreiðinni R 9210, hefði verið hikandi við að aka út á gatnamótin, verið á örhægri ferð og stöðvað bifreið sína í sömu andrá og árekstur varð. Vitnið kvað ákærða hafa ekið austur Miklubraut á mjög miklum hraða og ekki stöðvað bifreið sína fyrr en alllangt frá árekstrarstað. Vitnið fullyrti, að tvær raðir kyrrstæðra bifreiða hefðu verið á nyrðri akbraut Miklubrautar sunnanverðri og ákærði ekið fram með þeim á nyrztu akrein.

Samkvæmt vettvangsteikningu lögreglu, sem ákærði hefur staðfest rétta, stöðvaði hann ekki bifreið sína fyrr en um 36 metra frá árekstrarstað.

Við úrlausn máls þessa verður að byggja á þeirri staðhæfingu ákærða, að hann hafi vegna stórrar vöruflutningabifreiðar ekki getað séð lögreglumann þann, sem umferð stjórnaði, og ber samkvæmt því að sýkna hann af broti gegn 3. mgr. 38. gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Í 49. gr. sömu laga er lögð sú sérstaka skylda á ökumenn að aka hægt að sýna ýtrustu varkárni við vegamót og

þar sem útsýn er takmörkuð. Verður dómurinn að líta svo á, að ákærði hafi ekki gætt þessarar lagaskyldu sinnar nægjanlega. Þykir refsing hans samkvæmt 80. gr. umferðarlaga eftir atvikum hæfilega ákveðin 1.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald 2 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmans, krónur 3.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Adolf Emilsson Petersen, greiði 1.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 2 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmans, krónur 3.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 22. janúar 1968.

Nr. 238/1966. **H/f Eimskipafélag Íslands**
(Einar B. Guðmundsson hrl.)
gegn
Kristjáni Jóhannssyni
(Ingi R. Helgason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómáttar Hæstaréttar.

Veikindadagar. Kaupgjald.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. nóvember 1966. Gerir hann þær dómkröfur, að honum verði einungis gert að greiða stefnda kr. 2.399.68 án vaxta. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefnda í hér-
aði og fyrir Hæstarétti.